

VIÐAUKI A

20150225 Verklag við rafrænt stjórnarkjör LÍFSVERKS lífeyrissjóðs

Almennar leiðbeiningar

Sjóðfélagi skráir sig inn á sjóðfélagagáttina á heimasíðu sjóðsins á því tímabili sem stjórnarkjör fer fram og auglýst hefur verið á heimasíðu sjóðsins. Lykilorð sjóðfélaga má finna í heimabanka viðkomandi. Einnig er hægt að nota rafræn skilríki í gegnum síma. Ef aðstoðar er þörf við að finna lykilorðið er hægt að hafa samband við starfsmenn Lífsverks.

Um leið og sjóðfélagi hefur skráð sig inn á sjóðfélagagáttina birtist kosningasíðan. Þar er hægt að nálgast sömu upplýsingar og á heimasíðu sjóðsins s.s. upplýsingar um frambjóðendur og reglur kjörnefndar. Einnig er flípi vinstra megin á sjóðfélagagáttinni sem heitir kosningar. Ef sjóðfélagi byrjar á því að skoða eitthvað annað efni á gáttinni er hægt að kjósa með því að nota flípann kosningar.

Kosning 2015

Velja skal að hámarki tvo frambjóðendur í stjórn að þessu sinni, einn karl og eina konu, með því að merkja við nafn viðkomandi frambjóðanda. Hægt er að merkja við skila auðu í stað þess að velja frambjóðanda. Kjör beggja frambjóðenda fer fram á sama tíma. Þegar sjóðfélagi hefur kosið kemur staðfesting þess efnis á skjáinn og þá er ekki hægt að kjósa aftur eða breyta atkvæði.